

Nd.

413. Nefndarálit

[12. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyt. á l. nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Snemma á árinu 1969 sömdu sjómannasamtökin og útvegsmenn um það, að sjómönnum skyldu greiddar upp í fæðiskostnað kr. 85.00 á dag á bátum 12 til 150 rúmllestir að stærð og kr. 100.00 á dag á bátum yfir 150 rúmllestir að stærð. Þessar greiðslur á fæðispeningum skyldu bornar uppi af 1% útflutningsgjaldi á sjávarafurðir, og var það lagt á með l. nr. 74 28. maí 1969, um breyt. á l. nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Jafnframt var stofnuð við aflatryggingasjóð svonefnd áhafnadeild, sem skyldi annast greiðslur þessar.

Á árinu 1969 nægði 1% gjaldið ekki fyrir útgjöldum áhafnadeildar, og s. l. ár sömdu sjómannasamtökin og samtök útvegsmanna um, að vísitala skyldi greidd á fæðispeninga sjómanna frá ársbyrjun 1970. S. l. ár ákvað Alþingi enn fremur, að fæðispeningar skyldu greiddir úr áhafnadeild til manna á þilfarsbátum undir 12 rúml., og loks er þess að geta, að sjávarútvegsnefnd hefur nú til meðferðar frumvarp, sem gerir ráð fyrir því, að fæðispeningar verði einnig greiddir úr áhafnadeild vegna opinna vélbáta. Allt eykur þetta útgjöld áhafnadeildar.

Með hliðsjón af framansögðu fellst nefndin á, að óhjákvæmilegt sé að hækka umrætt gjald úr 1% í 1.5%, eins og l. gr. frv. gerir ráð fyrir, og mælir hún því með samþykkt þess.

Einn nefndarmanna, Lúðvík Jósefsson, óskar tekið fram, að hann sé andvígur gildandi fyrirkomulagi á greiðslu fæðispeninga og að hann styðji þess vegna ekki umrætt frumvarp.

Alþingi, 26. febr. 1971.

Birgir Finnsson,  
form., frsm.

Guðlaugur Gíslason.

Eyjólfur Konr. Jónsson,  
fundaskr.

Björn Pálsson.

Pétur Sigurðsson.

Jón Skaftason.